

Fundur 6.10. 2025 Jeremías.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

Góða kvöldið og sæll.

Hef ég komið áður í sambandið til ykkar, og mikið er það nú gott að eitthvað fleira er hægt að segja ykkur frá en bannsettu myrkrinu og kuldinum.

Og kann ég þeim bestu þakkir sem hafa tekið á móti máli mínu og hleypt mér í gegn og rétt er það að ekki eru það allt andar sem ég hef talað við, og hef ég fengið ávítur og hafa þeir leiðrétt mig, og hef ég fengið hér mikla hjálp til að greina þar á milli.

Og er það nú merkileg saga og vona ég að það endist mér lengi, en ég hef ekki mikla orku og ég þarf að sofa aftur og ég þarf að jafna mig.

Og þessi nýju heimkynni mín eru mér framandi, þótt þau séu á þessum sama hnetti, er mér sagt.

Og hef ég margsinnis fengið slíka hjálp, en það hefur ekki dugað mér lengi, og vona ég að muni duga mér lengur að þessu sinni, það snýst allt um það að vera í réttum félagsskap og reika ekki á ranga leið.

Þeir hafa aðferðir til að ná mér aftur, þeir sem stela svíkja og drepa, en ég nýt hér verndar þeirra sem komu mér hingað, og komu þeir í ljóssveipi miklum, og var það stórkostleg upplifun.

Og vona ég að það endist lengur en áður, og segja þeir að allar sálir séu dýrmætar og já ég er farinn að muna meira en áður, héldu þeir um höfuð mitt og læknuðu mig og settu mig í vél með tengingum, þannig að ég fékk minnið aftur, og vissi ég þá hvað ég hafði af mér gert með félögum mínum og hvers vegna ég hafði farið niður í myrkurheiminn aftur.

Já já þetta er allt að koma, já já þetta er stórkostlegt, og ég hef lent í þessu áður og ég ætla að standa mig betur en ég losna ekki við áhrifin, ég sé þá í sýnum.

Og við erum hér á landamærunum og hér eru jurtir sem ég þarf að forðast, því þær geta, þar eru áhrifin mest, þeir eru ekki langt undan, ég hélt alltaf að þeir væru andar, en það er hægt að snerta á þeim og eru efniskenndar verur og ég fékk að tala við andana og þeir segjast vera efniskenndar verur.

Jeremías, ég er í ljósinu núna.

*Mig grunaði það Jeremías, vertu velkominn.*

Já, þakka ykkur fyrir, ég er nú að missa orkuna, ég þakka ykkur fyrir og verð að kveðja ykkur að sinni, verið þið sæl.

*Já vertu sæll og gangi þér vel.*

Já takk fyrir.